

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Sveitarfélaginu Vogum.

1. *Deiliskipulag miðbæjarsvæðis.*

Með vísan til ákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 26. mars 2009 samþykkt deiliskipulag miðbæjarsvæðis.

Skipulagssvæðið afmarkast af Stapabraut, Vogabraut, lóðum við Iðndal og klapparbungum austan við Iðndal. Á svæðinu er gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði ásamt verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Greinargerð og upprættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

2. *Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis við Vogabraut.*

Með vísan til ákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 26. mars 2009 samþykkt breytt deiliskipulag iðnaðarsvæðis við Vogabraut.

Breytingin felst m.a. í að lóð nr. 2 við Heiðarholt er minnkuð og til verður ný lóð nr. 2a þar sem gert er ráð fyrir sjálfsafgreiðslueldsneyttisstöð, ásamt því að gatnamót Iðndals og Heiðarholts eru felld úr skipulaginu.

Greinargerð og upprættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 6. júní 2007, sem öðlaðist gildi 17. júlí 2007.

3. *Breyting á deiliskipulagi Vogar - Iðndalur.*

Með vísan til ákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 26. mars 2009 samþykkt breytt deiliskipulag Vogar - Iðndalur.

Breytingin felst m.a. í að lóðir nr. 9, 14, 15, 19, 21 og 25 eru felldar út, lóð nr. 12 stækkar og nýjar lóðir nr. 5a og 10a verða til. Gert er ráð fyrir svæði fyrir stærri bíla. Breytt er legu hljóðmanar. Skilgreiningu á landnotkun lóða nr. 11, 15 og 23 er breytt. Byggingareitir skilgreindir fyrir þegar byggðar lóðir.

Greinargerð og upprættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 12. maí 2004, sem öðlaðist gildi 7. desember 2005.

*Vogum, 30. apríl 2009.*

F.h. bæjarstjórnar,

**Róbert Ragnarsson** bæjarstjóri.